

Svava Svanborg Steinarsdóttir

Frá: Heilbrigðiseftirlit
Sent: fimmtudagur, 2. nóvember 2023 10:08
Til: Svava Svanborg Steinarsdóttir; Rósa Magnúsdóttir; Guðjón Ingi Eggertsson
Efni: FS: Umsagnarbeiðni um mál nr. 0785/2023 í skipulagsgáttinni

Sent to GoPro Case: -1

Frá: Skipulagsgáttin <noreply@skipulagsgatt.is>
Sent: fimmtudagur, 2. nóvember 2023 08:00
Til: Heilbrigðiseftirlit <heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is>
Efni: Umsagnarbeiðni um mál nr. 0785/2023 í skipulagsgáttinni

Ágæti viðtakandi (Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar),

Reykjavíkurborg hefur óskað eftir umsögn þinni við eftirfarandi mál í skipulagsgáttinni:

- Stekkjarbrekkur-Hallsvegur - Lambhagavegur 14, nr. 0785/2023: Auglýsing tillögu (Breyting á deiliskipulagi)

[Smelltu hér](#) til að skoða málið nánar og til að bæta við þinni umsögn. Kynningartími er til 14.12.2023.

Þetta er sjálfvirk tilkynning til allra aðila sem hafa verið skráðir sem umsagnaraðilar að málinu.

Kveðja,

Skipulagsgáttin





Umhverfis- og skipulagssvið - Skipulagsfulltrúi
Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. desember 2023
Tilvísun: 2023120134

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 0785/2023 í Skipulagsgátt, Stekkjarbrekkur-Hallsvegur - Lambhagavegur 14: Auglýsing tillögu (Breyting á deiliskipulagi).

Vísað er til máls nr. 0785/2023 í Skipulagsgátt, Stekkjarbrekkur-Hallsvegur - Lambhagavegur 14: Auglýsing tillögu (Breyting á deiliskipulagi). Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) fékk málið til umsagnar með tölvubréfi dags. 2. nóvember 2023. HER hefur farið yfir málið og meðfylgjandi gögn og gefur eftirfarandi umsögn.

HER vekur athygli á því að starfsemi endurvinnslustöðvar Sorpu telst vera móttökustöð fyrir úrgang í skilningi laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Vert er að benda á að samkvæmt gr. 6.2 í skipulagsreglugerð nr. 90/2013, eru endurvinnslustöðvar tilteknar í f lið eða undir iðnaðarsvæði. Er það ekki í samræmi við skilgreinda landnotkun í deiliskipulagstillögunni. Til að unnt sé að gefa út starfsleyfi þarf því að skilgreina skipulagssvæðið í samræmi við þá starfsemi sem þarna á að fara fram.

HER vill einnig benda á að á svæðinu við Stekkjarbrekkur var urðaður úrgangur frá Skarnaverksmiðjunni sem framleiddi lífrænan áburð úr heimilisúrgangi. Plast, bein, tuskur og annar óendurvinnanlegur úrgangur var urðaður m.a. þar sem Korputorg stendur í dag. Ekki er hægt að útiloka að urðun hafi farið fram víðar á svæðinu og því ætti að tilgreina í skilmálum að sé komið niður á gamlan urðunarstað eða aðra mengun við framkvæmdir skuli þegar haft samband við HER. Eins þarf að taka afstöðu til þess í ferlinu hvernig staðið skuli að málum varðandi förgun og kostnaðarskiptingu komi þessi staða upp.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Heilbrigðisfulltrúi

Guðjón I. Eggertsson
Heilbrigðisfulltrúi